

Fréttabréf

Leikskólinn Suðurborg

Október 2007

Kæru foreldrar/forráðamenn

Nú er starfið komið á fulla ferð og hver deild byrjuð að vinna í hópastund og smiðju. Í hópastundum í vetur leggjum við áherslu á málörvun, fínhreyfingar, þema og fræðslu. Einnig fléttast inn í stundirnar skólastund hjá elstu börnunum og könnunarleikur hjá yngstu börnunum.

Þema vetrarins er Ævintýri og er það hluti af samstafi við leikskóla á Spáni og í Noregi. Við ætlum að taka fyrir ævintýrið Ástarsaga úr fjöllum og leggjja áherslu á tröllin í sögunni. Nánari upplýsingar um samstarfið við Spán og Noreg verður kynnt á næstu vikum.

Smiðjan er á sínum stað og mun Regína sjá um hana eins og síðastliðinn vetur. Í smiðjunni fara börnin í hreyfingu og tónlist. Á móti smiðjunni er síða myndlist inn á deldum.

Heimasíða Suðurborgar

Í síðustu viku fór heimasíða Suðurborgar loksins í loftið og eru allar upplýsingar sem tengjast leikskólastarfinu þar að finna. Einnig koma reglulega inn fréttir frá leikskólanum eða hverri deild fyrir sig. Við hvetjum ykkur eindregið til að skoða síðuna og vonandi nýtist hún ykkur vel. [www.sudurborg.is](#)

Kynning á leikskólastarfi

Á næstu vikum verður kynning á starfinu hér í leikskólanum. Að þessu sinni verður kynningin haldin að morgni til í stað kvöldfundar. Með þessu vonum við að sjá sem flesta foreldra. Nánar auglýst síðar

Aðalfundur

foreldrafélagsins

Aðalfundur foreldrafélagsins verður haldinn mánudaginn 15. október kl. 20.00 í sal leikskólans. Kosið verður í stjórn og farið yfir málefni vetrarins.

Þemadagar

Síðasta föstudag í hverjum mánuði eru þemadagar hjá okkur. Við gerum okkur þá glaðan dag og gerum eitthvað öðruvísi. Í september var Hattadagur en þá komur börnin með hatta að heiman. Þemadagar eru auglýstir með viku fyrirvara en auk þess eru þeir allir komnir á dagatalið á heimasíðu leikskólans.

Foreldraviðtöl

Í boði eru tvö foreldraviðtöl á ári og verða þau í október/nóvember og í ferbrúar/mars. Deildarstjóra auglýsa viðtölin nánar þegar nær dregur.

Skipulagsdagur

Þann 15. október verður leikskólinn lokaður vegna skipulagsdags starfsmanna.

Afmælisboð

Leikskólinn hefur sett þá reglu að þegar boðið er til veislu með boðskortum sem sett eru í hólfi í leikskólanum þá skuli öllum árgangnum (af sama kyni) boðið. Þetta kemur í veg fyrir mismunun og að börn upplifi höfnun. Ef foreldrar vilja einungis bjóða útvöldum í afmæli eru þeir beðnir um að gera það símleiðis til viðkomandi foreldra.

Ábyrgðarmenn
Elínborg Þorláksdóttir
Berglind Hallgrímsdóttir

Veikindi barna

Við viljum benda foreldum á að börnin geta fengið að vera inni 1-2 daga eftir veikindi og ef um sérstakar aðstæður er að ræða en ekki til að fyrirbyggja veikindi.

Vistunartímar

Foreldrar vinsamlega virðið umsaminn vistunartíma barna ykkar. Starfsfólk leikskólans er ráðið inn eftir tímum barnanna.

Leikskólataskan

Við viljum minna foreldra á að taka allt úr hólfum barnanna á föstudegi og fara vel yfir auka- og útiföt áður en þau koma aftur eftir helgarfríð.

Fréttabréf

Þetta er í síðasta sinn sem fréttabréfið er gefið út og afhent foreldrum. Framvegis verða fréttir settar inn á heimasíðu Suðurborgar og við hvetjum foreldra til að fylgjast þar með. Þeir foreldra sem ekki hafa aðgang að tölvu og óska eftir að fá fréttabréf eru vinsamlega beðnir að látið viðkomandi deildarstjóra vita. Vakin skal athygli á því að á bókasafninu í Gerðubergi er hægt að komast í nettengdar tölvur.

